

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
b.t. til efnahags- og viðskiptanefndar

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. apríl 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum (skipan í stjórn, brottfall ákvæða), 452. mál.

Samtök atvinnulífsins vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, frá 12. apríl 2018 sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, með síðari breytingum (skipan í stjórn, brottfall ákvæða), 452. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa kynnt sér efni frumvarpsins og eru almennt jákvæð fyrir þeim breytingum sem þar eru lagðar fram. Taka samtökin undir að fækka skuli varamönnum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda úr sjö í tvo enda sé breytingin í samræmi við þau skref sem aðrir lífeyrissjóðir hafa tekið. Þá er breytingin í takt við auknar kröfur Fjármálaeftirlitsins um hæfismat en erfitt hefur reynst að fá varamenn til að gangast undir stíft hæfismat þegar þeir sitji í raun fáa eða jafnvel enga stjórnarfundir í viðkomandi sjóðum.

Þá telja samtökin eðlilegt að felld verði á brott ýmis ákvæði í lögnum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda þar sem sambærileg ákvæði er að finna í lögum um skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 frá 1997.

Virðingafyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Unnur Elfa Hallsteinsdóttir